

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2020
UST202012-067/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn um Efnistöku - hafsbotn utan netlaga við Engey. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Sótt er um leyfi til að taka alls 1.646.000 m³ af mól við Engey á næstu 30 árum. Umrædd efnistaka var tilkynnt til Skipulagsstofnunar og lá niðurstaða stofnunarinnar fyrir 9. Júní sl. og samkvæmt henni er framkvæmdin „ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar.“

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að sækja um leyfi til langs tíma sem felur í sér að tekið verði að líkindum allt nýtanlegt efni á umræddu svæði, sem mun þá á varanlegan og óafturkræfan hátt breyta hafsbotninum við Engey. Vegna mögulegra breytinga á sjávarstöðu á vinnslutíma námunnar sem nú verða ekki fyrir séðar ætti að vakta áhrif efnistökkunnar á aðliggjandi strandsvæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur